Nr. 1064 20. nóvember 2012

# REGLUGERÐ

**um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2012 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.**

1. gr.

*Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.*

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2012 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

*Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.*

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

3. gr.

*Úthlutun fjárframlags árið 2012.*

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2012 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2011 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2011 samtals kr. 834.303.605.634 og er áætlað fjárframlag ársins 2011 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 2.711.486.718 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

| *Lífeyrissjóður* | *Fjárhæð kr.* | *Hlutfall* |
|---|---|---|
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 33.337.729 | 1,230% |
| Eftirlaunasjóður FÍA | 10.181.633 | 0,376% |
| Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar | 704.987 | 0,026% |
| Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupstaðar | 2.413.223 | 0,089% |
| Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands | 528.740 | 0,020% |
| Festa lífeyrissjóður | 259.394.377 | 9,567% |

| *Lífeyrissjóður* | *Fjárhæð kr.* | *Hlutfall* |
|---|---|---|
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 98.508.312 | 3,633% |
| Gildi lífeyrissjóður | 929.660.336 | 34,286% |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn | 14.560.684 | 0,537% |
| Kjölur lífeyrissjóður | 3.158.882 | 0,117% |
| Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar | 2.155.632 | 0,080% |
| Lífeyrissjóður bankamanna - aldurs | 17.977.157 | 0,663% |
| Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfalls | 17.516.204 | 0,646% |
| Lífeyrissjóður bænda | 13.042.251 | 0,481% |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 22.437.553 | 0,828% |
| Lífeyrissjóður Neskaupstaðar | 406.723 | 0,015% |
| Lífeyrissjóður Rangæinga | 17.001.022 | 0,627% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar | 2.006.500 | 0,074% |
| Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf. | 1.816.696 | 0,067% |
| Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupstaðar | 1.193.054 | 0,044% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar | 2.738.602 | 0,101% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar | 23.481.475 | 0,866% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A | 102.290.836 | 3,773% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B | 99.972.515 | 3,687% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A | 34.083.388 | 1,257% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V | 14.750.488 | 0,544% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar | 1.450.645 | 0,054% |
| Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands | 1.301.514 | 0,048% |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga | 3.904.541 | 0,144% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 322.910.953 | 11,909% |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 54.880.491 | 2,024% |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 71.135.854 | 2,624% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 86.076.146 | 3,175% |
| Stafir lífeyrissjóður | 69.603.864 | 2,567% |
| Stapi lífeyrissjóður | 317.881.145 | 11,724% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 57.022.566 | 2,103% |
| **Samtals** | **2.711.486.718** | **100,000%** |

Við greiðslu fjárframlags ársins 2013, í október 2013, skal endurreikna, og leiðrétta ef þörf er á, fjárframlag ársins 2012 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2011.

4. gr.

*Leiðrétting fjárframlags ársins 2011.*

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2010 er kr. 773.627.964.387. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2010 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1220/2011, um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2011 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2010 er kr. 4.054.852.657 til lækkunar. Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2011 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðrétting fjárframlags ársins 2011, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 1220/2011, nemur því samtals kr. 13.178.271, til lækkunar. Áætlað fjárframlag ársins 2012 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. lækkar um þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

| *Lífeyrissjóður* | *Fjárhæð kr.* | *Hlutfall* |
|---|---|---|
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 171.054 | 1,298% |
| Eftirlaunasjóður FÍA | 40.457 | 0,307% |
| Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar | 4.217 | 0,032% |
| Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar | 7.775 | 0,059% |
| Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands | 2.767 | 0,021% |
| Festa lífeyrissjóður | 1.271.176 | 9,646% |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 378.348 | 2,871% |
| Gildi lífeyrissjóður | 4.737.852 | 35,952% |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn | 102.263 | 0,776% |
| Kjölur lífeyrissjóður | 18.845 | 0,143% |
| Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar | 10.674 | 0,081% |
| Lífeyrissjóður bankamanna - aldurs | 99.496 | 0,755% |
| Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfalls | 75.907 | 0,576% |
| Lífeyrissjóður bænda | 70.240 | 0,533% |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 108.853 | 0,826% |
| Lífeyrissjóður Neskaupstaðar | 2.240 | 0,017% |
| Lífeyrissjóður Rangæinga | 80.783 | 0,613% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar | 13.047 | 0,099% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. | 7.907 | 0,060% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar | 5.008 | 0,038% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar | 13.310 | 0,101% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar | 121.899 | 0,925% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A | 483.643 | 3,670% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B | 495.635 | 3,761% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A | 147.860 | 1,122% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V | 68.263 | 0,518% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar | 6.589 | 0,050% |
| Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands | 5.667 | 0,043% |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga | 18.977 | 0,144% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 1.332.191 | 10,109% |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 300.201 | 2,278% |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 362.271 | 2,749% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 471.782 | 3,580% |
| Stafir lífeyrissjóður | 366.356 | 2,780% |
| Stapi lífeyrissjóður | 1.503.509 | 11,409% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 271.209 | 2,058% |
| **Samtals** | **13.178.271** | **100,000%** |

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 20. nóvember 2012.*

F. h. r.
**Hafdís Ólafsdóttir.**

*Lilja Sturludóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2012